

Dags eftirlits	4.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Nesbúegg ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Vatnsleysuströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	7112032140	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Freyr Þórisson	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Átta frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað inn til eftirlitsaðila. 2) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað inn fyrr en 12. júní 2025 og telst því frávikinu lokað. 3) Engar mælingar né útreikningar voru gerðar á köfnunarefni og fosfór fyrir árið 2024. 4) Engar mælingar né útreikningar voru gerðar á ammóníaki fyrir árið 2024. 5) Sóðaskapur var fyrir framan eitt eldishúsið. 6) Fóðurrör lak og fóður á jörðinni. 7) Starfsleyfið er útrunnið. 8) Engin árekstrarvörn er við olúgeyminn.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Nesbúegg að Vatnsleysuströnd þann 4. júní 2025. Rekstraraðili er með starfsleyfi fyrir 65 þúsund fuglum og er það gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja 6. maí 2013 og gildir til 6. maí 2025.

Dagskrá eftirlits

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Umfang starfseminnar, farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
3. Áhættumat
4. Lyktarstjórnun, mælingar
5. Dreifing áburðar
6. Áætlanir
7. Kvartanir
8. Vettvangsferð
9. Fylgiskjöl

1. Engin opin frávik eru frá síðasta eftirliti árið 2024.

2. Ekki er búið að skila inn grænu bókhaldi og er það því frávik. Þar sem ekki er búið að skila inn gögnum þá veit eftirlitsaðili ekki hvað heildarframleiðsla ársins 2024 var mikil. Útstreymisbókhaldi var skilað inn seint og er það því frávik, því var skilað inn 12. júní 2025 og er frávikinu því lokað. Rekstraraðili var minntur á að skila inn útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi og ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert. Starfsleyfið er útrunnið og er það því frávik frá gr. 1.4 í starfsleyfi. Þjálfunarskráningar fyrir starfsmenn er til staðar og fullnægjandi.

3. Farið var yfir áhættumat 2025 fyrir tíðni eftirlits 2026.

4. Engir útreikningar eða greining samkvæmt BAT hefur verið framkvæmd á heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs og er það því frávik. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs einu sinni á ári skv. BAT 24. Þessum niðurstöðum ber að skila til Umhverfis- og orkustofnunar. Engir útreikningar eða greiningar samkvæmt BAT hefur verið framkvæmd á heildarmagni sem losað er sem úrgangsefni né losun ammóníaks í andrúmsloft og er það því frávik. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi ammóníaks í andrúmsloftið einu sinni á ári skv. BAT 25.

5. Rekstraraðili er með samninga um áburðardreifingu.

6. Rekstraraðili er með áætlun um rekstrarstöðvun og viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa.

7. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

8. Farið var í stutta skoðunarferð í kringum Nesbúegg, fyrir framan eina hurðina að kjúklingaeldinu var mikill sóðaskapur, það virtist sem það hafði verið smúlað út úr eldinu drullu og skít út á planið, þetta er frávik frá gr. 2.4 í starfsleyfi. Fóður var á jörðinni við blásarann, virðist sem rör leki, sem er frávik frá gr. 9.2 í starfsleyfi. Sem segir að fóðurgeymslur skulu vera lokaðar og varðar ágangi meindýra og fugla. Rekstraraðili hefur verið í framkvæmdum á svæðinu eftir brunann í fyrra og er því töluvert rusl ennþá á svæðinu. Rekstraraðila var bent á að farga rusli á viðeigandi hátt og taka betur til á svæðinu. Engin árekstrarvörn var við olíugeyminn og er það því frávik.

9. Farið var yfir fylgiskjöl.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.4 í starfsleyfi.	Starfsleyfið er útrunnið, rann út 6. maí 2025.
Ákvæðum í reglugerð nr 851/2002, skil á grænu bókhaldi.	Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað inn til eftirlitsaðila.
gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 24 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla	Engar mælingar né útreikningar fyrir árið 2024 voru gerðar á köfnunarefni né fosfór.
gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 25 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla	Engar mælingar né útreikningar fyrir árið 2024 voru gerðar á ammóníaki.
gr. 2.4 í starfsleyfi.	Rekstraraðili er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegu. Sóðaskapur var fyrir framan eitt eldishúsið, virðist sem að skít úr búinu hafi verið smúlað út á plan.
gr. 9.2 í starfsleyfi.	Fóður og hráefnisgeymslur skulu vera lokaðar og varðar ágangi meindýra og fugla. Fóðurrör lak og var fóður á jörðinni.
41. gr. Í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi.	Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.

ákvæðum í reglugerð nr 990/2008 um Útstreymisbókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.
skil á útstreymisbókhaldi. Útstreymisbókhald barst eftirlitsaðila 12. júní 2025 og telst því frávíkinu lokað.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu: Rekstraraðila var bent á að bæta tiltekt á svæðinu og farga rusli á viðeigandi hátt.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.08.2025

Auður Eyberg Helgadóttir